

## 1233. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. september 2022, kl. 18:50 í Kringlunni 7 á 0. Hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund voru:** Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Sigríður Hallgrímsdóttir og Arnþór Sigurðsson varamaður.

**Fjarverandi var:** Helga Ingólfssdóttir.

**Gestir fundarins voru:** Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, sem mætti til fundar kl. 20:05, og Sigmundur Halldórsson, sérfræðingur á skrifstofu framkvæmdastjóra VR, sem mætti við upphaf fundar.

Harpa Sævarsdóttir, ritari stjórnar VR, setti fundinn kl. 18:50 í fjarveru formanns og fjarfundarsetu varaformanns, og stýrði fundi þar til Ragnar Þór Ingólfsson formaður mætti og tók við fundarstjórn.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1232. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Harpa lagði fram fundargerð 1232. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Samþykktar voru breytingar á dagskrá fundarins þannig að liður #6 varð liður #2, liður # 2 varð liður #3 og liður #7 varð liður #4.

#### 2. Sex mánaða uppgjör VR og lykiltölur

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, lagði fyrir fundinn eftirtalin skjöl til kynningar; „Samstæða VR janúar til júní 2022“, „Lykiltölur janúar til júní árið 2022“ og „Sundurliðun sjóðir VR janúar til júní 2022“.



Stefán kynnti sex mánaða uppgjör félagsins og lykiltölur á glærum. Í máli hans kom m.a. fram að félagsfólki hafi fjölgað mikið milli ára og fór fjöldinn yfir 40 þúsund í sumar í fyrsta skipti. Þá tvöfölduðust afgreiðslur skrifstofa milli ára sem rekja má til lokana vegna Covid á síðasta ári. Heimsóknur á vef fjölgaði og um 28 þúsund félagar fóru inn á Mínar síður á fyrstu sex mánuðum ársins.

Málum á kjaramálasviði fjölgaði um þriðjung frá sama tímabili í fyrra. Það er ánægjulegt að sjá mikla fækkun atvinnuleitenda en þeir fóru úr um þrjú þúsund í 1.245 á tímabilinu en eru nú (september) komnir undir þúsund.

Tekjur á tímabilinu voru rúmlega 2,5 ma.kr. og gjöld um 2,4 ma.kr. Það er hvoru tveggja aukning frá fyrra ári. Greiðslur sjúkradagpeninga jukust um tæplega 22% milli ára miðað við sama tímabil í fyrra. Iðgjaldtekjur jukust um 15% - 21%. Rekstrartekjur umfram gjöld voru um 106 m.kr. yfir áætlun en ávöxtun á fjármunum félagsins var neikvæð og niðurstaða tímabilsins er neikvæð um 189 milljónir króna.

Umræður

Hér mætti Arnþór Sigurðsson til fundar.

### **3. Kaup á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, samþykkt á milli funda**

Stefán lagði fyrir fundinn til kynningar skjalið „Kaup á 9. hæðinni samþykkt á milli stjórnarfunda“.

Milli stjórnarfunda nr. 1.232 og nr. 1.233 samþykkti stjórn kaup á 9. hæðinni í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7 fyrir 225 m.kr. Hæðin er 381 fm auk sameignar og eignarhluta í lóð alls 539 fm. Gert er ráð fyrir að á hæðinni verði einna helst fundarsalir fyrir VR en hluti hennar verður leigður út í formi skrifstofa. Leigu tveggja fundarsala á 0. hæð Húss verslunarinnar verður sagt upp við flutning á 9. hæðina. Búast má við að afhending verði síðar á árinu. Kaupin voru samþykkt með tölvupósti af meirihluta stjórnar, einn stjórnarmaður sat hjá.

Umræður.

### **4. Fjárfestingarstefna VR**

Stefán Sveinbjörnsson lagði fyrir fundinn til afgreiðslu skjalið „Fjárfestingastefna eignastýringastefna VR“.

Stefán sagði engar tillögur liggja fyrir um breytingar, stjórn bæri að taka fyrir og ræða stefnuna árlega. Stefán benti á að stjórn hafi nýlega samþykkt breytingar á stefnunni þar sem dregið var úr var vægi innlendra og erlendra hlutabréfa en aukið vægi erlendra ríkisskuldabréfa. Farið hafi verið hægt í kaup á bréfum. Fyrir fundinum lægi spurningin hvort vilji væri fyrir því að gera breytingar.

Umræður.

Arnþór Sigurðsson lagði fram eftirfarandi tillögu: „Ég geri það að tillögu minni að kaup á íslenskum hlutabréfum verði felld út úr fjárfestingastefnu VR.“

Umræður.

Bjarni Þór Sigurðsson spurði hvort fyrir liggi reglur um hlutverk framkvæmdastjóra félagsins hvað fjárfestingar varði.

Stefán Sveinbjörnsson svaraði að framkvæmdastjóra bæri að vinna eftir þeirri fjárfestingarstefnu sem stjórn samþykkti.

Umræður.

Í umræðum komu fram óskir um að heyra frá þeim aðilum sem annast fjárfestingar fyrir félagið, fá upplýsingar um ávöxtun og hvaða fyrirtækjum félagið fjárfestir í.

Hér mætti Ragnar Þór Ingólfsson, formaður, til fundar kl. 20:05.

Jón Steinar Brynjarsson lagði fram tillögu um að biðja með lokaákvörðun varðandi fjárfestingastefnu VR þangað til á næsta stjórnarfundum og að fengin verði kynning frá sérfræðingum.

Umræður.

Tillaga Jóns Steinars var lögð fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu.

Meirihluti samþykkur, eitt mótatkvæði.

Ragnar Þór tók hér við stjórn fundarins.

## 5. Sjálfstætt starfandi félagsmenn í VR

Bryndís Guðnadóttir og Sigmundur Halldórsson frá VR lögðu fyrir fundinn til kynningar skjalið „Sjálfstætt starfandi félagsmenn í VR kynning“.

Fóru þau því næst yfir efni kynningarinnar á glærum. Þar var fjallað um verkefni innan VR þar sem skoðuð var staða sjálfstætt starfandi einstaklinga og viðbrögð VR við mikilli fjölgun þess hóps. Kveikjan að verkefninu hafi verið útgáfa bókar með það megininntak að framtíðin fæli í sér að fólk á vinnumarkaði væri ekki í föstu ráðningarsambandi heldur væru gíggarar. Þau bentu á að gíggarar eða harkarar væru í raun sjálfstætt starfandi. Á sama tíma og verkefni þetta var unnið var í gangi nefndarstarf hjá ASÍ um starfsfólk í ótryggum ráðningarsamböndum.

Farið var yfir skilgreiningu á starfandi hvað þetta varðar; hefbundin verktakastörf, sjálfstætt starfandi sérfræðingar og þriðji hópurinn sem áherslan beinist helst að er sjálfstætt starfandi sem ættu í raun að vera launafólk. Staða þessa fólks er ótrygg.

Hér bentu þau Bryndís og Sigmundur á mikilvægi þess að sjálfstætt starfandi hafi allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru og fela niðurstöður verkefnisins m.a. í sér að VR birti þær á vef sínum, VR sé félag sem sé opið fyrir sjálfstætt starfandi.

Þá er í lögð áhersla á að Ísland innleiði regluverk ESB hvað þetta varðar og tillögur framkvæmdstjórnar sambandsins sem miða að því að vernda réttarstöðu og tryggja réttindi til að koma í veg fyrir gerð ráðningarsamninga með engri vinnuskyldu.

Þá fór Bryndís yfir niðurstöðu málefndanefnar ASÍ um starfsfólk í ótryggum ráðningarsamböndum, en þær eru í níu liðum og eru þeir birtir í skjalinu sem vísað er til að ofan.

Bryndís kynnti því næst drög að stefnu VR í þessum málaflokki:

- VR er opið þeim sjálfstætt starfandi sem falla undir kjarasamninga félagsins og veitir þeim viðeigandi þjónustu og upplýsingar.
- VR verður vakandi fyrir nýjum starfsheitum til að gæta að réttarstöðu þeirra.

Lagt var fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu hvort félagið eigi að birta á vef sínum upplýsingar fyrir sjálfstætt starfandi.

Samþykkt samhljóða.

Drög að stefnu verða rædd og afgreidd síðar.

Bryndísi og Sigmundi er þakkað innleggið og þau yfirgefa fundinn kl. 21:00.

## 6. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fór því næst yfir stöðuna í kjaramálum og byrjaði á því að benda á að fréttir hafi nú birst af því að VR hafi stefnt Eflingu vegna uppsagnar trúnaðarmanns í hópuppsögn á skrifstofu þess félags fyrr á árinu. Hann sagði VR leggja alla áherslu á hagsmuni félagsfólks og ljóst að málið yrði útkljáð fyrir dómstólum.

Hann sagði því næst að samningaviðræður við SA hefðu hafist í raun fyrr um daginn þegar minni samninganefnd félagsins hafi hitt atvinnurekendur. Stefán Sveinbjörnsson tók við og skýrði frá því að aðilar hefði sammælst um að hittast vikulega næsta mánuð til að fara yfir ýmis mál í kjarasamningi og bókanir en sú vinna hafist á fundi dagsins.

Ragnar Þór skýrði því næst frá því að hann hafi fundað með fulltrúum ASÍ, Eflingar, Verkalýðsfélags Akraness, LÍV og fleirum til að ræða stöðuna í húsnæðismálum og hafi fengið óformlegt umboð til að ræða við SA og sveitarfélög um næstu skref í þessum málum.

Hann sagðist skynja aukinn samhljóm í hópi formanna stærstu félaga og landssambanda innan ASÍ og vilja til að slíðra sverðin. Hann sagði það vekja vonir um að hreyfingin geti sameinast sem ein heild þegar á þarf að halda.

Hér kom Sigríður Hallgrímsdóttir inn á fundinn kl. 21:06.

Ragnar Þór fjallaði því næst um stöðu verkefnis Blæs húsnæðisfélags á lóð VR í Úlfarsárdal sem komið er af stað, m.a. hvað hönnun varðar. Hann sagði mikinn áhuga meðal verktaka að vinna þetta verkefni með okkur.

Umræður.

## 6. ASÍ þing – málefni og dagskrá

Ragnar Þór fjallaði því næst um ferlið við val fulltrúa VR á þing ASÍ í október næstkomandi. Auglýst var eftir fulltrúum á þingið en í forgangi voru kjörnir fulltrúar félagsins. Listi stjórnar og trúnaðarráðs yfir aðal- og varamenn var lagður fyrir trúnaðarráð mánudaginn 12. september og samþykktur. Auglýst hefur verið eftir mótframboðum gegn listanum.

Þá hefur verið sendur listi til ASÍ yfir fulltrúa Landssambands ísl. verzlunarmanna og VR í miðstjórn Alþýðusambandsins, fyrir komandi þing.

Ragnar Þór kynnti þá ákvörðun sína að bjóða sig fram til forseta ASÍ á þingi sambandsins dagana 10. – 12. október. Hann hafi rætt við fjölmarga innan hreyfingarinnar og telji sig hafa þann breiða stuðning sem hann hafi leitað eftir í þá vegferð að gera ASÍ það að því afli sem það á að vera. Verkefnið sé þess eðlis að hann vilji taka slaginn. Hann kvaðst vonast eftir stuðningi stjórnarmanna.

Ragnar Þór sagði að fengi hann kjör sem forseti, yrði hann áfram félagslegur formaður VR en ekki starfandi formaður fram að kosningum í mars á næsta ári. Hann hafi rætt við varaformann VR, Svanhildi Ólöfu Þórsteinsdóttur, um skiptingu verkefna og muni hann leiða nýhafnar kjarasamningaviðræður, ekki sé ráðlagt að gera breytingar á þeirri vinnu nú þegar langt sé liðið á ferlið við kjarasamningagerðina.

Hann benti á að í lögum félagsins sé gert ráð fyrir þessum möguleika, félagið hafi á að skipa varaformanni og öflugri stjórn. Hann muni segja af sér sem formaður LÍV, verði hann kjörinn forseti.

Umræður

Svanhildur Ólöf yfirgefur fundinn kl. 21:50.

## 7. Tillaga að breytingum á starfsreglum framtíðarnefndar VR

Þorvarður Bergmann Kjartansson lagði fram skjalið „Starfsreglur Framtíðarnefndar tillögur að breytingum“ til afgreiðslu.

Gerð er tillaga að breytingu á orðalagi í 4 gr. um tíðni funda nefndarinnar. Þorvarður benti á að við stofnun nefndarinnar hafi verið fundað þétt en að ekki sé talin nauðsyn á því nú að funda jafnoft. Því sé gerð tillaga að breytingu.

Umræður.

Ragnar Þór lagði tillöguna fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Starfsreglur framtíðarnefndar eru þá sem hér segir, breytingar merktar með yfirstrikun það sem fellt er út og rauðu lettri þar sem gerð er breyting eða viðbót:

### Starfsreglur og hlutverk Framtíðarnefndar

#### 1.gr.

Framtíðarnefnd VR er stofnuð af stjórn VR með það að meginmarkmiði að fjalla um og greina þær breytingar sem eru að gerast í samfélaginu hverju sinni og áhrif þeirra á vinnumarkað og þá sérstaklega á félagsmenn VR. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð við þessum breytingum til þess að tryggja stöðu félagsmanna, viðhalda áunnum réttindum og leita leiða til þess að styrkja bæði stöðu VR og stéttarféлага almennt í samvinnu við önnur stéttarfélög og aðra hagsmunaaðila.

#### 2.gr.

Nefndin skal móta markmið félagsins í þeim málefnum sem talin eru mikilvægust til þess að takast á við breytingar á vinnumarkaði, viðskiptaháttum og samfélagsskipan. Nefndin skal leggja fram aðgerðaáætlun þar sem horft er til tveggja ára í senn og leggja fyrir stjórn VR til samþykktar. Þessi áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti en ný stjórn getur á hverjum

tíma tekið ákvörðun um að framtíðarnefnd leggi fram nýja áætlun til stjórnar VR, ef þurfa þykir.

#### 3.gr.

Framtíðarnefnd skal móta stefnu VR er kemur að því að afla þekkingar á þeim þáttum í tækni og viðskiptaumhverfi sem geta haft áhrif á þessu sviði. Hjá félaginu skal liggja fyrir þekking á þróun í tæknimálum og viðskiptaumhverfi sem kunna að hafa áhrif á félagsmenn. Jafnframt mun VR ýta undir rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði, kynningar og málefnavar sem tengist verkefnum Framtíðarnefndar á hverjum tíma.

#### 4.gr.

Framtíðarnefnd skal funda **svo oft sem þurfa þykir**, að jafnaði mánaðarlega en eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Ritari nefndarinnar er starfsmaður VR.

5.gr.

Stjórn VR skipar Framtíðarnefnd til eins árs í senn, eigi síðar en á öðrum stjórnarfundum eftir aðalfund.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:55.

